

9. gr.

Deildarstjórum er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.

10. gr.

Deildarstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

11. gr.

Deildarstjórar verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Steinunn M. Lárusdóttir.

ERINDISBREF

fyrir yfirmatsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

1. gr.

Yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsóknum og áliti viðkomandi deildarstjóra og forstjóra um þær.

Yfirmatsmenn rita undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Um menntun og reynslu yfirmatsmanna getur ráðherra kveðið á með reglugerð.

3. gr.

Forstjóri framleiðslueftirlits sjávarafurða er yfirstjórnandi yfirmatsmanna, en nánasti yfirboðari þeirra er deildarstjóri hlutaðeigandi deildar Framleiðslueftirlitsins. Viðkomandi deildarstjóri eða forstjóri mælir fyrir um, hvernig störfum skuli hagað, að svo miklu leyti sem þau eru ekki ákveðin í erindisbréfi þessu. Yfirmatsmenn skulu gefa deildarstjórum skýrslur um störf sín og leita álits og úrskurðar deildarstjóra um atriði, sem þeir eru í vafa um. — Yfirmatsmenn skulu og skýra deildarstjórum frá atriðum, sem verða mættu til bóta í mati og framleiðslu eða nýjungum á því sviði, einnig frá því, sem miður fer í verkun og vinnslu og nauðsynlegt kann að vera að fá bætt úr.

Yfirmatsmenn geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri deilda eftir ákvörðun forstjóra, sem jafnframt getur fært þá á milli umdæma með samþykki ráðherra.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu kynna sér rækilega gildandi lög um fiskmat, svo og reglugerðir og fyrirmæli, sem gefin eru út samkvæmt lögnum. Ennfremur skulu þeir kynna sér önnur lög og reglugerðir, sem starfi þeirra viðvíkur, svo sem reglugerð um lágmarksstærðir fisktegunda. Yfirmatsmönnum er skylt að haga mati sínu og eftir-

liti eftir ákvæðum þessara fyrirmæla, svo og eftir fyrirskipunum viðkomandi deildarstjóra eða forstjóra.

5. gr.

Yfirmatsmenn skulu hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Ennfremur skulu þeir hafa eftirlit með því, að hlýtt sé lögum, reglugerðum og fyrirmælum, sem gildandi eru á hverjum tíma um mat og meðferð fiskafurða, útbúnað fiskibáta, vinnslu- og verkunarstöðva og annars, sem verksvið þeirra nær til.

6. gr.

Yfirmatsmenn hafa matsmenn sér til aðstoðar við eftirlit og mat fisksins, vigtun, pökkun, vinnslu og útskipun. Yfirmatsmanni er skylt að líta eftir störfum matsmanna, eins og hann getur best við komið og fullvissa sig um, að þau séu í góðu lagi. Hann þarf því að haga eftirlitsferðum sínum svo, að hann hafi fulla yfirsýn yfir framleiðslu- aðferðir og ástand framleiðslu á hverjum stað. Hann skal leiðbeina matsmönnum við störfin, segja fyrir um tilhögun þeirra, skýra frá breytingum, sem verða kunna á þeim og líta eftir, að þau séu unnin af þekkingu og samvissusemi og samkvæmt gildandi fyrirmælum.

7. gr.

Við framkvæmd starfa sinna er yfirmatsmönnum heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem l. nr. 108/1974, um Framleiðslu- eftirlit sjávarafurða taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds, hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

8. gr.

Yfirmatsmenn skulu senda deildarstjórum skýrslur um útflutning á öllum fiski úr umdæmi sínu, og segir deildarstjóri fyrir um, hvernig skýrslum þessum skuli hagað og hve oft skýrslur um hvern vörflokk skuli sendar.

9. gr.

Yfirmatsmenn geta, í samráði við deildarstjóra, gefið matsmönnum í umdæmi sínu umboð til að sjá um yfirmatsstörf í sinn stað, ef hann vegna annríkis við matsstörf, fjarveru eða annarra forfalla getur ekki séð um það sjálfur. Hann getur og sett matsmann til starfa hvar sem er í umdæminu, ef hann álitur þess þörf.

10. gr.

Yfirmatsmenn eru skyldir til að ferðast um umdæmi sitt og jafnvel, ef með þarf, út fyrir það til þess að leiðbeina matsmönnum og framleiðendum um mat og meðferð á fiski, brýna fyrir þeim, hver nauðsyn er á, að samvissusemi sé gætt við matið og meðferðina og sérstaklega að líta eftir fiskmati og samræma það, æski deildarstjóri þess.

Um ferða- og dvalarkostnað gilda reglur fjármálaráðuneytisins þar að lútandi.

11. gr.

Yfirmatsmönnum er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.

12. gr.

Yfirmatsmenn skulu leita álits og úrskurðar deildarstjóra um atriði, sem þeir eru í vafa um.

Nú verður yfirmatsmaður þess var að einhver brýtur móti ákvæðum laga um Framleiðslueftirlit sjávarafurða eða fyriræla, sem sett eru samkvæmt þeim og ber honum þá að skýra deildarstjóra frá því.

13. gr.

Yfirmatsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

14. gr.

Yfirmatsmenn verða að setta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir yfirfiskmatsmenn nr. 140 13. mars 1950.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Steinunn M. Lárusdóttir.

SAMPYKKT

um hundahald í Selfosshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Selfosshreppi að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal greiða í sveitarstjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa strauð af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal unphæð þessi við það miðuð. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi.
- Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá váttryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi, ennfremur vottorð um hreinsun.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð. Eigendur þarfahunda á lögbýlum er þó skýlt að sjá til þess að hundarnir flækist ekki um lausir í byggðinni.
- Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró hrepps-búa og séu hvorki þeim, né öðrum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sam-býlishúsum er að allir íbúðaeigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skrif-